

Hverfisráð Grafarholts og Úlfarsárdals

Ár 2016, mánudaginn 14. nóvember var haldinn 96. fundur hverfisráðs Grafarholts og Úlfarsárdals. Fundurinn var haldinn í Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts og hófst hann kl. 17.00. Viðstödd voru: Ragnar Karl Jóhannsson, Hjörtur Lúðvíksson, Haraldur Finnsson, Kristín Sigurey Sigurðardóttir og Berghildur Erla Bernharðsdóttir. Einnig voru viðstödd: Þórir Jóhannsson fulltrúi íbúasamtaka Grafarholts og Sólveig Reynisdóttir framkvæmdastjóri þjónustumiðstöðvar Árbæjar og Grafarholts. Fundarritari var Trausti Jónsson, verkefnastjóri ÞÁG

Þetta gerðist:

1. Fram fer umræða um umsókn bogfímifélagsins Freyju um að fá aðstöðu við Leirdals húsið.
Frestað.

Ómar Einarsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
2. Fram fer kynning á skýrslu innri endurskoðunar „Þjónustumiðstöðvar og hverfisráð“.
Halldór Auðar Svansson tekur sæti á fundinum. undir þessum lið.

kl. 17.36 viku Þórir Jóhannsson af fundi.
kl. 18.10 viku Haraldur Finnsson af fundi.
3. Lögð fram beiðni um rekstrarstyrki frá íbúasamtökum Grafarholts og íbúasamtaka Úlfarsárdals.
Samþykkt að veita íbúasamtökum Grafarholts 50.000.- rekstrarstyrk.
Samþykkt að veita íbúasamtökum Úlfarsárdals 50.000.- rekstrarstyrk.
4. Lagt fram bréf skrifstofu borgastjórnar, dags. 2. nóvember 2016, um breytingu á áheyrnarfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina í hverfisráði Grafarholts og Úlfarsárdals, en John Denver kemur í stað Sigurðar Inga Jónssonar. R14060117.
5. Lagt fram erindi frá skipulagsstjóra Umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 8. nóvember 2016, um breytingu á aðalskipulag varðandi stefnu um íbúabyggð.
6. Fram fer kynning á stöðunni í kosningum fyrir Betri hverfi 2016. Atkvæðagreiðsla gengur vel og lýkur 17. nóvember.

Fundi slitið kl. 18.45

Ragnar Karl Jóhannsson

Hjörtur Lúðvíksson
Kristín Sigurey Sigurðsdóttir

Berghildur Erla Bernharðsdóttir